

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-03314/AIG-25**

Dags: **4. september 2014**

Staður: **Reykjahlíðarflugvöllur við Mývatn**

Lýsing: **Fór út af flugbraut í landingarbruni**

Einkaflugmaður, ásamt tveimur farþegum, fór frá Akureyrarflugvelli á TF-TLS, sem er stélhjólsvél af gerðinni Dornier DO27, í útsýnisflug við gosstöðvar í Holuhrauni. Flugmaðurinn hafði fengið flugvélin að láni og fyrir flugið tók hann þrjár landingar þar sem hann hafði ekki flogið í 90 daga. Eftir útsýnisflug um eldstöðvar ákvað flugmaðurinn



að lenda til norðurs á Reykjahlíðarflugvelli við Mývatn. Fyrir landingu fékk flugmaðurinn upplýsingar um veður frá radíómanni á flugvellingnum og var þá vindur 3 hnútar að sunnan. Á lokastefnu setti flugmaðurinn vængbörð í 35° og var aðflugshraði um 60 hnútar. Í landingunni var hraðinn um 50 hnútar. Í landingarbruninu fóru flapar upp (handfang hrökk fram) og þegar hraði var komin niður í um það bil 10 hnúta varð flugmaðurinn var við vindhviðu og að flugvélin fór skyndilega að leita til hæri. Flugmaðurinn reyndi að rétta flugvélinu af og steig meðal annars á vinstri hemla sem honum fannst ekki starfa eðlilega. Flugvélin hélt áfram að fara til hægri og hafnaði í runna utan flugbrautar.

Við rannsókn á hemlunarbúnaði fannst ekkert athugavert annað en að það vantaði á forðabúr vökvakerfis fyrir hemla fyrir fótstig hægra sætis.

Flugmaðurinn hafði um það bil 1.500 tíma reynslu sem atvinnuflugmaður og um 80 tíma flugreynslu á stélhjólsvél (C180). Flugmaðurinn hafði 15 tíma reynslu á þessa tegund flugvélar, en hafði ekki lent á Reykjalíðarflugvelli áður.

RNSA bendir á að stélhjólflugvélar eru varasamar í landingu og passa þarf að beita stjórnvelum rétt gagnvart vindi allt þar til landingabruni er lokið.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2016.